

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar þriðjudaginn 26. júní 2012 kl. 16:00, í Grunnskólanum á Þórshöfn.

Mætt: Stefán Benjamínsson, Kristinn Lárusson, María Guðmundsdóttir, Svala Sævarsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Hildur Kristín Aðalbjörnsdóttir, Halldóra Sigríður Ágústsdóttir, Arnfríður Aðalsteinsdóttir og Siggeir Stefánsson. Jafnframt tóku Helgi Mar Árnason og Ingveldur Eiríksdóttir þátt í fundinum í gegnum síma.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði.

- Ræddar hugmyndir um breytingar á starfi matræðs í skoðun þannig að inn í það starf komi jafnframt ræsting.
- Öllum bekkjum verður kennt á Bakkafirði næsta skólaár.
- Kennarar skólans sátu lokanámskeið hjá Ingvari Sigurgeirssyni vegna námsmats og hafa skráð sig á framhaldsnámskeið.
- Skólinn fékk gefins skjávarpa frá Ísfélagi Vestmannaeyja og 20.000 kr. framlag frá Toppfiski. Fræðslunefnd færir báðum fyrirtækjum bestu þakkir fyrir góðar og þarfar gjafir.
- Umræður um hvort ekki sé ástæða til að fulltrúar kennara og foreldra frá Bakkafirði sitji fundi fræðslunefndar. Stefnt á að taka upp slíkt fyrirkomulag næsta haust.

2. Skýrsla skólastjóra Barnabóls.

- Leikskólinn er orðinn skóli „Á grænni grein“, sem er ferli í átt að Grænafána. Næsta skólaár fer í þennan undirbúning. Stefnt er að því að flagga Grænfána að ári.
- Auglýst hefur verið eftir starfsmanni á yngri deild fyrir Mörtu sem er í fæðingarorlofi.
- Viðgerðarlisti kominn til sveitarstjóra, þar sem áherslan er á útisvæðið.
- Leikskólastjóri sótti ráðstefnu um útileiksvæði og útinám. Stefnt að því að fá Georg leiktækjasmíð hingað til að smíða leiktæki ofl.
- Foreldrar eru tilbúnir til að koma að vinnu við útisvæðið.
- Nýtt skipulag í vinnslu fyrir faglega starfið á næsta ári.
- Skóladagatal leikskólans lagt fram til kynningar.
- Tveir fundir hafa verið haldnir vegna sameiginlegs verkefnis skólanna í Langanesbyggð er snýr að nýbúum. Tilboði Þekkinganetsins í þarfagreiningu var hafnað. Hugmynd að setja upp vefsíðu þannig að fólk sem er að hugsa um að flytja hingað geti líka haft aðgang að þessum upplýsingum.

3. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn.

- Ingveldur Eiríksdóttir, nýráðinn skólastjóri, var í skólanum í fjóra daga í lok maí og setti sig inn í skólastarfið.
- Gengið hefur verið frá samningi við Sprotasjóð vegna þróunarverkefnis. Ingveldur hefur verið í sambandi við Ingvar Sigurgeirsson varðandi þróunarverkefnið, þ.e. aðkomu hans að því.
- Hilma fór á lokanámskeiðið hjá Ingvari Sigurgeirssyni vegna námsmats.
- Ísfélag Vestmannaeyja og Átthagafélag Þórshafnar hafa fært skólanum að gjöf skjávarpa. Fræðslunefnd þakkar góðar og þarfar gjafir.

- Skólanámskrá var samþykkt hjá starfsfólki og stjórn foreldrafélagsins í vetur. Er hér lögð fram í fræðslunefnd en á hennar grunni verður framhaldið unnið.

4. Ráðningamál

- Grunnskólinn á Bakkafirði
Engar breytingar verða á starfsmannaliði skólans næsta vetur.
- Leikskólinn Barnaból
Engar umsóknir hafa borist um lausa stöðu sem auglýst var. Áfram verður auglýst.
- Grunnskólinn á Þórshöfn.
Ennþá vantar að ráða í 2,7 stöðugildi að skólanum.

Fimm umsóknir bárust um stöður aðstoðarskólastjóra

- Jóhanna Thorsteinsson
- Árni Davíð Haraldsson
- Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir
- Torfi K. Stefánsson
- Anna Hjaltadóttir

Fræðslunefnd mælir með Jóhönnu Thorsteinsson í stöðuna.

Samþykkt samhljóða

Umsóknir um kennarastöður voru kynnar og mælt með eftirfarandi kennurum að svo stöddu:

- Vilborg Stefánsdóttir
- Hrafngerður Ösp Elíasdóttir (Siggeir sat hjá).
- Halldóra Sigríður Ágústsdóttir

Samþykkt samhljóða.

5. Þakkarorð til fráfarandi skólastjóra

Siggeir Stefánsson, formaður fræðslunefndar, flutti þakkarorð fyrir hönd nefndarinnar til Arnfríðar Aðalsteinsdóttur sem nú lætur af störfum skólastjóra við Grunnskólann á Þórshöfn. Voru Arnfríði færðar þakkir fyrir mikið og gott starf á þeim tveimur árum sem hún hefur stýrt skólanum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.